

Atvinnu- og nýsköpunarnefnd

Umboð

Nefndin starfar í umboði sveitarstjórnar með þeim hætti sem nánar er kveðið á um í erindisbréfi þessu, samþykkt um stjórn sveitarfélagsins og lögum eftir því sem við á.

Skipan nefndarinnar

Í atvinnu- og nýsköpunarnefnd eiga sæti fimm aðalmenn og fimm til vara sem sveitarstjórn kýs til fjögurra ára á fyrsta eða öðrum fundi að afloknum sveitarstjórnarkosningum. Sveitarstjórn kýs formann og varaformann nefndarinnar á sama fundi og nefndarkjör fer fram.

Auk kjörinna nefndarmanna á sveitarstjóri rétt á að sitja fundi nefndarinnar með málfrelsi og tillögurétt. Þá er nefndinni heimilt að kalla til sín sérhvern þann er tengist þeim málefnum sem nefndin fjallar um hverju sinni.

Hlutverk

Hlutverk atvinnu- og nýsköpunarnefndar er að fara með verkefni sem varða verksvið sveitarfélagsins í atvinnumálum og ferðamálum.

Nefndin hefur eingöngu heimild til þess að stofna til útgjalda á grundvelli gildandi ákvæða í fjárhagsáætlun sveitarfélagsins hverju sinni. Hafi afgreiðsla nefndarinnar í för með sér fjárútlát umfram áður veittar heimildir, skal slík afgreiðsla ætíð lögð fyrir byggðarráð og sveitarstjórn og öðlast hún ekki gildi fyrr en með samþykkt sveitarstjórnar.

Nefndin gerir tillögur til byggðarráðs og sveitarstjórnar og meðal hlutverka hennar er:

- Að fara með málefni er varða atvinnu- og ferðamál og sinna stefnumótunarverkefnum í þeim málaflokkum hjá sveitarfélaginu.
- Að vinna náið með hagsmunaaðilum í atvinnu- og ferðamálum á svæðinu.
- Að fylgja eftir samþykktri stefnu í málaflokkum nefndarinnar hjá sveitarfélaginu.
- Að vera ráðgefandi fyrir sveitarstjóra, byggðarráð og sveitarstjórn í þeim málaflokkum sem undir nefndina heyrir.
- Að stuðla að nýsköpun og aukinni fjölbreytni í atvinnulífi sveitarfélagsins.
- Að hvetja fyrirtæki og einstaklinga í atvinnurekstri t.d. með veitingu viðurkenninga, sem nefndin metur hverju sinni.

Erindisbréf fyrir atvinnu- og nýsköpunarnefnd

- Að yfirfara drög að fjárhagsáætlun vegna þeirra málaflokka sem undir starfssvið nefndarinnar heyrir og eftir atvikum koma með tillögur að breytingum.
- Að sjá um önnur þau verkefni sem sveitarstjórn felur henni á sviði atvinnu- og ferðamálum.

Í þeim tilfellum sem sérstakur starfsmaður sinnir þeim málaflokkum sem nefndin fjallar um skal nefndin vinna náið með viðkomandi og tryggja að starfið sé í samræmi við samþykktu stefnu sveitarfélagsins.

Nefndin skal leitast við að ná því grundvallarmarkmiði að tryggja að ákvarðanir hennar og athafnir séu ávallt í þágu allra íbúa sveitarfélagsins og að fulltrúar í nefndinni setji ávallt almannahagsmuni ofar öðrum hagsmunum.

Starfshættir

Um starfshætti nefnda er fjallað í samþykkt um stjórn sveitarfélagsins og skal þeim fylgt þar sem við á, s.s. um boðun funda, fundargerðir, stjórn á fundum, fundarsköp o.fl.

Nefndin kemur saman fyrir luktum dyrum á fast ákveðnum fundartíma sem tilgreindur er í fundaáætlun fyrir sveitarstjórn, byggðarráð og fastanefndir sem sveitarstjórn samþykkir tímanlega fyrir komandi ár hverju sinni. Nefndin gerir tillögu til sveitarstjórnar um fundartíma nefndarinnar. Fundir nefndarinnar skulu að jafnaði ekki standa lengur en 2 klst. í senn. Aukafundi skal halda eftir þörfum að ákvörðun formanns eða ef sveitarstjóri eða a.m.k. þrír nefndarmenn óska þess.

Formaður sér um boðun funda í samráði við sveitarskrifstofu. Fundarboðun skal vera skrifleg og tilgreina fundarstað, tíma og dagskrá. Fundarboð skal sent öllum fulltrúum og öðrum sem seturétt hafa á fundinum eigi síðar en tveimur sólarhringum fyrir fund. Aukafund er heimilt að boða með sólarhringsfyrirvara. Heimilt er að boða fund með rafrænum hætti.

Fundur telst ályktunarhæfur ef meirihluti kjörinna nefndarmanna er mættur á fund. Í atkvæðagreiðslu ræður afl atkvæða. Mál telst fallið í atkvæðagreiðslu ef atkvæði falla að jöfnu.

Formaður nefndarinnar skal halda sveitarstjóra upplýstum um störf nefndarinnar.

Eftirfylgni

Formaður nefndarinnar skal snúa sér til sveitarstjóra með eftirfylgni staðfesta samþykktu nefndarinnar. Sveitarstjóri sér um að ákvarðanir sem teknar eru af hálfu sveitarstjórnar komist til framkvæmda.

Réttindi og skyldur nefndarmanna

Um réttindi og skyldur aðal- og varamanna í nefndinni gilda ákvæði sveitarstjórnarlaga og samþykktar um stjórn sveitarfélagsins, eftir atvikum, s.s. ákvæði IV. kafla samþykktarinnar sem varðar réttindi og skyldur sveitarstjórnarmanna.

Lög og reglugerðir

Í störfum sínum skal nefndin taka mið af þeim lögum og reglugerðum sem gilda um starfssvið hennar. Þá skal nefndin fylgja gildandi sveitarstjórnarlögum og samþykktum um stjórn sveitarfélagsins.

Samþykkt í sveitarstjórn á 4. fundi þann 8.9..2022